

Greinargerð

vegna innleiðingar Réttindaskóla UNICEF í Giljaskóla



Fyrir hönd Giljaskóla, Réttindanefnd

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Réttindaráð	5
2. Kortlagning starfshátta	6
2.1 Kannanir á vegum UNICEF - Fyrri fyrirlögn	6
2.1.1 Viðhorfskönnun starfsfólks	6
2.1.2 Viðhorfskönnun nemenda	7
2.1.3 Öryggiskönnun	8
2.1.4 Aðgengiskönnun	9
2.2 Kannanir á vegum UNICEF - Seinni fyrirlögn	9
2.2.1 Viðhorfskönnun starfsfólks	10
2.2.2 Viðhorfskönnun nemenda	11
2.2.3 Öryggiskönnun	11
2.2.4 Aðgengiskönnun	12
2.3 Matstæki um þróun skólastarfs	13
2.3.1 Viðhorf og námsmenning	13
2.3.2 Áhrif nemenda á eigið nám	14
2.3.3 Náms og kennsluaðferðir	14
2.3.4 Verkefni nemenda	14
2.3.5 Námsleg samræða og námsmat	15
2.4 Skólapúlsinn	15
3. Aðgerðaráætlun	15
3.1 Öryggi á salerni	16
3.2 Öryggi á bílastæði og útisvæði	16
3.3 Öryggi í frímínútum	17
3.4 Hitastig skólahúsnaðis	17
3.5 Viðbót frá umsjónarmönnum	17
4. Aukin þátttaka í eigin námi	18
4.1 Nemendastýrð foreldraviðtöl	18
4.2 Teymi um þróunarstarf vegna þátttöku nemenda í eigin námi	20
5. Markviss vinna með barnasáttmálann	20
5.1 Réttindadagar	20
5.2 Uppbyggingarstefnan	21
5.3 Jafnréttisáætlun	22
5.4 Eineltisáætlun	23

6. Barnasáttmálinn sýnilegur í daglegu starfi	24
6.1 Sýnileiki innan skólans	24
6.1.1 Réttindi vikunnar	24
6.1.2 Tákn barnasáttmálans hengd upp miðsvæðis	24
6.1.3 Bekkjarsáttmálar	25
6.2 Sýnileiki heima við	26
6.3 Sýnileiki í grenndarsamfélagi	26
6.3.1 Listasýningin Barn sem nýtur allra réttinda sinna	26
6.3.2 Listasýningin Raddir barna	27
Lokaorð	27

Inngangur

Í þessari greinargerð er farið yfir og þeir þættir skilgreindir sem Giljaskóli hefur ráðist í til að uppfylla þau skilyrði sem fylgja því að innleiða Réttindaskóla UNICEF. Samkvæmt UNICEF er Réttindaskóli;

... hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum, hér eftir) og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Innleiðing Réttindaskóla UNICEF hófst á vordögum 2019 þegar Giljaskóli var valin annar tveggja skóla á Akureyri sem myndi fá að innleiða Réttindaskóla UNICEF. Val skólanna tveggja var hluti af innleiðingu Barnvæns Sveitarfélags sem Akureyrarbær stóð fyrir í samstarfi við UNICEF. Í kjölfarið, eða þann 5. júní 2019 fékk Giljaskóli námskeið frá UNICEF sem ákveðin útgangspunktur að innleiðingunni. Á námskeiðinu var barnasáttmállinn kynntur fyrir starfsfólki skólans. Formlega skrifaði Giljaskóli undir samning um innleiðingu Réttindaskólans við UNICEF 12. desember 2019.

Haustið 2019 var öllum kennurum og starfsfólki skólans gefið færi á að því að bjóða sig fram til þess að taka virkan þátt í innleiðingu Réttindaskólans. Úr varð teymi starfsmanna sem var falið að leiða innleiðinguna. Þessu starfsfólki var greidd föst yfirvinna til að sinna verkefninu sem og gefið svigrúm innan starfsramma til að funda og vinna að innleiðingunni.



Mynd: Akureyri.is

1. Réttindaráð

Eitt fyrsta verk umsjónarmanna var að stofna réttindaráð. Ráðið skal skipað fulltrúum nemenda, foreldra og starfsmanna en einnig má bjóða fulltrúum úr stjórnsýslu sæti í ráðinu.

Ákveðið var að gefa tveimur einstaklingum í hverjum árgangi skólans færi á því að vera hluti af réttindaráði, einum dreng og einni stúlku. Í Giljaskóla eru 10 árgangar og 20 umsjónarkennarar. Umsjónarkennarar fengu það hlutverk að velja tvo nemendur úr hverjum árgangi til setu í ráðinu. Því voru frá byrjun 20 nemendur í ráðinu. Þá var starfsfólki boðin þátttaka og reynt að fá ákveðin þverskurð af störfum innan skólans. Í ráðinu sitja því fulltrúar kennara, sérkennara, verkefnastjóra, skólaliða og stuðningsfulltrúa. Sent var boð á alla kjörna fulltrúa í sveitarstjórn. Engin svaraði boðinu, þó ekki væri nema til að afþakka setu. Þá var fulltrúa félagsmiðstöðvarinnar boðin seta sem viðkomandi tók ágætlega í. Því miður fór það svo að ekki gekk að samræma fundartíma vegna ósamræmis í vinnuskyldu félagsmiðstöðvar og skóla.

Þegar ráðið hafði verið mótað var tekið upp kynningarmyndband til þess að kynna ráðið fyrir nemendum skólans. Myndbandið var tekið upp og sett saman af réttindaráði og umsjónarmönnum og sýnt í öllum bekkjum skólans.

Í upphafi hittist ráðið á um þriggja vikna fresti. Á vorönn 2020 hóf ráðið að hittast á tveggja vikna fresti og hefur það haldið sér utan við hlé vegna heimsfaraldursins þegar skólanum var skipt í sóttvarnarhólf sem ekki máttu blandast.

Vorið 2020 útskrifuðust fulltrúar 10. bekkjar og voru fengnir inn tveir nýir fulltrúar úr fyrsta bekk við upphaf haustannar 2020 í þeirra stað. Ákveðið var að allir nemendur myndu halda sæti sínu í ráðinu milli ára kjósi þeir það, svo lengi sem þeir eru enn nemendur Giljaskóla. Hætti nemandi í skólanum er jafnaldri hans fenginn inn í ráðið í hans stað. Tveir nemendur hafa kosið að hætta þátttöku og voru nýir fulltrúar fengnir í þeirra stað.

Nú hefur nokkur reynsla fengist á að halda úti stóru ráði sem þessu, en nemendur eru 20, auk fullorðina. Umsjónarmenn eru að íhuga að ef nemandi kys að hætta, að ekki verði fengin nýr fulltrúi í hans stað. Þannig mun ráðið minnka hægt og rólega þar til viðráðanlegum fjölda hefur verið náð. Þá hafa umsjónarmenn rætt hvort þátttaka ráðsins sé nægileg eða hvort um vott af

sýndarþátttöku sé að ræða. Er það einn þeirra þátta sem þarf að þróa áfram. Þá er einnig mikilvægt að nemendur hafi val um þátttöku í ráðinu og að það sé ekki kvöð.

2. Kortlagning starfshátta

Við upphaf innleiðingarferlis á sér stað kortlagning á stöðu starfshátta, viðhorfa nemenda og foreldra, öryggi og aðgengi nemenda. Meginþungi þeirrar kortlagningar voru kannanir á vegum UNICEF. Auk þess voru gögn úr tveimur öðrum könnunum nýttar til grundvallar stöðumats, þ.e. *Matstæki um þróun starfshátta og Skólapúlsins*.

2.1 Kannanir á vegum UNICEF - Fyrri fyrirlögn

Matstæki um þróun starfshátta og Skólapúlsins. Viðhorf, öryggi að aðgengi nemenda og starfsfólks. Á vegum UNICEF voru lagðar fyrir fjórar kannanir, viðhorfskönnun nemenda og starfsfólks og aðgengis- og öryggiskönnun nemenda. Kannanirnar voru lagðar fyrir í október 2019. Niðurstöður lágu fyrir í nóvember og í desember vann réttindanefnd skólans að því að taka þær saman í styttri texta. Niðurstöðurnar voru í kjölfarið lagðar fyrir réttindaráð Giljaskóla. Úr niðurstöðunum var síðan unnin aðgerðaráætlun og valdi réttindaráð þau atriði sem verða fyrst tekin til aðgerða. Hér fyrir neðan má sjá samantekt niðurstaðna.

2.1.1 Viðhorfskönnun starfsfólks

Allir starfsmenn Giljaskóla, af þeim sem svöruðu, höfðu heyrt um barnasáttmálann og mikill meirihluti taldi sig geta nefnt allaveganna 4 réttindi úr sáttmálanum. Flestir starfsmenn töldu að réttindi barna næðu yfir öll börn og flestir vissu að réttindum sáttmálans fylgdu engar skyldur. Mikill meirihluti starfsmanna taldi sig hafa fengið nógu mikla fræðslu til að geta miðlað áfram í sinni vinnu og tengt við sitt starf.

Standa þarf betur að fræðslu um æskulýðslög, aðalnámskrá og lög um grunnskóla í tengingu við barnasáttmálann.

Flestir vildu meina að það væri virkt lýðræði í skólanum en við þurfum að standa okkur betur í að láta nemendur hafa áhrif á skipulag kennslu/dagskrá.

Allir í skólanum þurfa betri fræðslu um jafnréttisáætlun en flestir voru nokkuð meðvitaðir um aðgerðaráætlun í eineltis og ofbeldisáætlun og all flestir vissu hvert ætti að leita ef barni liði illa en betri fræðslu þarf um tilkynningarskyldu og skyldur starfsfólks tengda henni.

Starfsfólk Giljaskóla var ekki viss um hvort nægjanlegur fjöldi starfsfólks væri til þess að auka þátttöku barna og ungmenna í skólastarfinu.

2.1.2 Viðhorfskönnun nemenda

Langflestir nemendur höfðu heyrt um Barnasáttmálann en um helmingur þeirra vissi hvað stendur í Barnasáttmálanum. Langflestir nemendur vissu að þeir ættu réttindi og að þau giltu um þá. Flestir vissu líka að þeir myndu ekki missa réttindi sín þótt þeir gerðu eitthvað af sér en það voru líka dálítið margir sem voru ekki vissir um það. Um helmingur nemenda vissi að Giljaskóli ætlar að verða Réttindaskóli UNICEF.

Langflestum finnst þeir vera öruggir hér í skólanum og í frístund og flestum fannst þeir líka geta sagt fullorðna fólkinu ef þeim fyndist eitthvað mega laga eða gera betra í skólanum eða frístund. Langflestir sögðu að starfsfólk brygðist við ef slagsmál brytust út í skólanum. Næstum allir nemendur sögðu að þeir gætu talað við einhvern í skólanum eða frístund ef þeim liði illa og að þeir hefðu einhvern fullorðin í skólanum til þess að leita til. Flestir telja að starfsfólk geti hjálpað ef það er eitthvað að heima hjá manni. Rétt rúmlega helmingur sagði að krakkar gætu ekki verið öðruvísi án þess að þeim væri strítt. Einhverjir nemendur telja að þeir hafi orðið fyrir einelti undanfarna sex mánuði. Flestir vita ekki að til er jafnréttisáætlun í skólanum.

Flestum nemendum fannst að allir krakkar í skólanum fái að tala jafn mikið og segja jafn mikið frá. Hinsvegar voru nokkrir sem vissu það ekki og örfáir sem töldu að nemendur hefðu ekki jöfn tækifæri til að tjá sig í kennslustundum. Þó voru töluvert margir sem voru ekki vissir. Langflestir sögðust fá næga hjálp frá kennaranum sínum. Flestum fannst starfsfólk þó ekki koma jafnt fram við alla krakkana í skólanum og í frístund. Langflestir nemendur sögðu að öll börn í skólanum hefðu jöfn tækifæri til að vera valinn í nemendaráð skólans en þó voru einhverjir sem sögðust ekki vita það.

Langflestir sögðu að fullorðnir í skólanum spyrðu nemendur hvernig hægt væri að gera skólann betri. Einhverjir nemendur vildu breyta einhverju í skólanum. Eins og til dæmis að fá fleiri

leiktæki á skólalóðina, að skólinn yrði aftur málaður appelsínugulur, fá eftirrätt í mötuneytinu, að allir væru vinir, fá oftari tónmennt, að allt einelti hyrfi, stærri og betri park, betri ljós við fótboltavöllinn, lengri frímínútur, íþróttir þrisvar í viku, meiri hita í skólanum og pizzu einu sinni í viku.

2.1.3 Öryggiskönnun

Stærsti hluti nemenda telur sig öruggan í skólanum/frístund/félagsmiðstöðinni. Lítill hluti finnur stundum eða oft fyrir óöryggi á þessum stöðum. Í þeim tilfellum eru oftast um að ræða óöryggi utandyra, á bílastæði, leiksvæði eða útisvæði. Næst nefna nemendur fatahengi og gang/stiga. Salerni er líka einn þeirra staða sem nemendur telja sig óörugga á ásamt íþróttaklefum og sundlaug.

Þeir nemendur sem telja sig óörugga á útisvæðum vegna þess að kennarar eru ekki alltaf til staðar. Nemendur vilja hafa fleira starfsfólk sem er sýnilegt. Í því samhengi er sérstaklega talað um svæðið þar sem ruslagámarnir eru. Þá er völlurinn tekinn fram sem svæði sem veldur óöryggi hjá nemendum og þá vegna samskipta samnemenda.

Ótti við bílastæði kom bersýnilega í ljós og var það vegna þeirra hættu sem umferðin getur skapað. Nemendur nefndu ótta við að bílstjórnarnir sæju þá ekki, keyrt væri of hratt og hálka skapaði aukna hættu. Nemendur vildu að færri bílar keyrðu að skólanum á morgnana og að umferðinni væri beint annars staðar.

Anddyri var nefnt oftari en einu sinni og þá voru nefnd atriði á borð við læti, hávaða, hættu á stríðni og að nemendur fljúgust á. Nemendur vildu að gæsla yrði aukin í andyri.

Salernið var einn þeirra staða sem nemendur töldu sig óörugga á og voru tvær ástæður nefndar, ótti við að gleyma að læsi og einhver myndi ganga inn og ótti við að eitthvað gæti leynst ofan í klósettinu. Einn nefndi að hægt væri að opna salernin með 10 krónu pening.

Staðir þar sem nemendur eru berskjaldaðir voru teknir sérstaklega fram, staðir á borð við sund og íþróttaklefa. Sundið var sérstaklega nefnt og þar sem ekki er kynjaskipt kennsla vildi viðkomandi að kennslan yrði kynjaskipt. Í íþróttaklefa upplifa einhverjir nemendur óöryggi þar sem samnemendur horfa á þá, hafa skoðanir og stríða. Nemendur vilja hafa einstaklingsklefa eða tjöld í klefum, meira pláss, dreifa snögum eða fækka fjölda nemenda í klefa.

Einhverjir nemendur upplifa ótta við meiðsl í íþróttahúsi, heimilisfræðistofu og smíðastofu. Smíðastofa og heimilisfræðistofa voru einnig nefnd sem möguleg hættusvæði vegna beitra áhalda og eldhættu.

Mötuneyti var nefnt og þá var fjallað um óöryggi varðandi hvar ætti að sitja og að starfsfólk skammaði óþarflega mikið. Einhver taldi kennara vera ógnandi. Einhverjum þótti of margir krakkar á bókasafninu, of mikill hávaði í kennslustofum og skortur á vinnufriði og að of kalt væri í skólahúsnaðinu. Þá var frístund talin of þéttsetin og of fáir starfsmenn. Nemendur vildu fleira starfsfólk og meiri aga.

2.1.4 Aðgengiskönnun

Nemendur telja að gott aðgengi sé um forstofu, hvort sem það er gangandi fólk eða fólk í hjólastól. Þeim þykir líka gott að lyfta sé í húsinu. Stigarnir eru góðir, meira að segja fyrir þá sem sjá illa. Bækurnar í skólanum eru ekki til með blindralettri en þær eru til sem hljóðbækur. Stofurnar eru ekki merktar með blindralettri og hafa ekki sjálfvirka opnun en dyrnar eru nógu breiðar fyrir hjólastól.

Það eru sérstök klósett á hverri hæð fyrir fólk í hjólastól en hin klósettin eru of lítil fyrir hjólastóla og speglar, vaskar, sápur og bréf eru of hátt fyrir fólk í hjólastól. Sápan á baðherberginu er ekki lyktarlaus en í skólanum eru ekki blóm eða annað sem getur kallað fram ofnæmi.

Nemendur geta fengið að vita hvað er í matinn og hvort það sé eitthvað í matnum sem þau eru með ofnæmi fyrir og ef þau eru með ofnæmi fyrir einhverju fá þau annan mat.

Það er góð loftræsting í skólanum nema í sumum stofunum hjá eldri nemendum. Sumum finnst oft of kalt í skólanum. Einhverjum nemendum finnst vera of mikill hávaði á göngunum en hljóðið í kennslustofunum telja þeir í lagi, undanskilin er þriðja hæðin. Nemendur telja ljósin í skólanum vera góð.

2.2 Kannanir á vegum UNICEF - Seinni fyrirlögn

Síðari fyrirlögn kannanna átti sér stað í október 2020. Um er að ræða sömu kannanir og í fyrri innlögn, þ.e. viðhorfskönnun nemenda og starfsfólk og aðgengis- og öryggiskönnun nemenda.

Niðurstöður lágu fyrir í nóvember og unnið var úr þeim helstu upplýsingar sem sjá má hér að neðan.

2.2.1 Viðhorfskönnun starfsfólks

Líkt og í fyrri innlögn höfðu allir starfsmenn Giljaskóla heyrt um barnasáttmálann og mikill meirihluti, eða rúmlega 80%, taldi sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Allir starfsmenn, nema tveir, töldu að réttindi barna næðu yfir öll börn. Þetta er í takt við niðurstöður fyrri kannana. Hinsvegar voru einungis rúmlega 33% starfsmanna sem vissu að réttindum sáttmálans fylgdu engar skyldur. 23% voru ekki vissir og yfir 43% prósent töldu að réttindin hefðu í för með sér skyldur. Líkt og áður taldi mikill meirihluti starfsmanna sig hafa fengið nógu mikla fræðslu til að geta miðlað áfram í sinni vinnu og tengt við sitt starf.

Standa þarf betur að fræðslu um æskulýðslög, aðalnámskrá og lög um grunnskóla í tengingu við barnasáttmálann. Hinsvegar hefur þeim fjölgað úr tæplega 52% upp í 71% sem telja sig hafa fengið fræðslu um fyrrnefnd atriði.

Flestir vildu meina að það væri virkt lýðræði í skólanum en þeim hefur fjölgað upp í 64% úr 45% sem telja sig leyfa nemendum að hafa áhrif á kennslustundir. Við þurfum þó að halda markvisst áfram að efla þennan þátt.

Allur skólinn þarf að vera betur fræddur um jafnréttisáætlun. Í fyrri innlögn vissu um 39% starfsmanna ekki að jafnréttisáætlun væri til innan skólans en þeim hafði fækkað í um 25%. Þá voru um 38% starfsmanna sem töldu að sér hefði verið kynnt jafnréttisáætlunin í fyrri innlögn sem hafði hækkað í um 53% í seinni innlögn. Þá voru starfsmenn meðvitaðri um aðgerðaráætlun í eineltis og ofbeldisáætlun sem hafði þó hækkað um rúmlega 5% á milli ára. Eins voru 20% fleiri ánægðir með áætlunina. Líkt og í fyrri innlögn vissu all flestir hvert ætti að leita ef barni liði illa en enn þarf að auka fræðslu um tilkynningarskyldu og skyldur starfsfólks tengda henni.

Í báðum innlögnum var starfsfólk Giljaskóla ekki visst um hvort fjöldi starfsfólks væri nægjanlegur fyrir þátttöku barna og ungmenna í skólastarfinu.

2.2.2 Viðhorfskönnun nemenda

Langflestir nemendur höfðu heyrt um Barnasáttmálann en um helmingur taldi sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Það er mjög svipað og í fyrri innlögn. Hinsvegar voru aðeins færri nemendur sem vissir voru um að réttindin giltu um þá, munurinn var þó innan við eitt prósent. Flestir vissu að þeir myndu ekki missa réttindin sín þó þeir gerðu eitthvað af sér en það voru ennþá of margir sem ekki voru vissir um það. Fjöldi þeirra sem vissi að Giljaskóli ætlar að verða Réttindaskóli UNICEF jókst um rúmlega 20% á milli ára.

Langflestum finnst þeir vera öruggir hér í skólanum og í frístund en þeir sem töldu sig óörugga fækkaði um rúmlega 5% á milli ára. Langflestir sögðu að starfsfólk brygðist við ef slagsmál brytust út í skólanum en þó lækkaði sú tala eilítið á milli ára. Meirihluti sagði að þeir gætu talað við einhvern innan skólans ef þeim liði eitthvað illa en þó lækkaði sú tala líka á milli ára sem er áhyggjuefni. Því virðist sem skólinn þurfi að skoða þennan þátt betur. Einhverjir nemendur telja að þeir hafi orðið fyrir einelti undanfarna sex mánuði en þeim fækkaði á milli ára. Þeir sem vita að til er eineltisáætlun innan skólans hefur fjölgað um tæplega 10%. Þó á skólinn enn fremur langt í land hvað þetta varðar.

Flestum nemendum finnst að allir krakkar í skólanum fái jöfn tækifæri til þess að tjá sig en þó fækkaði þeim eilítið á milli ára. Langflestir sögðust fá næga hjálp frá kennaranum sínum eða um 95% sem er aukning frá fyrri innlögn. Innan við helmingi nemenda fannst starfsfólk þó ekki koma jafnt fram við alla krakkana í skólanum og í frístund en þó var um aukningu að ræða.

Einhverjir nemendur vildu breyta einhverju í skólanum en þó færri en í fyrri innlögn. Eins og til dæmis að öllum liði vel, frímínútur væru lengri, maturinn væri betri, fleiri tímar í sjónlistum og listum, mjólkurvélar væru á öllum hæðum og glös þar við hliðina og að kakóvéli væri aðgengileg sem og aðrir sjálfsalar.

2.2.3 Öryggiskönnun

Stærsti hluti nemenda telur sig öruggan í skólanum/frístund/félagsmiðstöðinni og hefur það aukist á milli ára. Lítil hluti finnur stundum eða oft fyrir óöryggi á þessum stöðum. Í þeim tilfellum eru oftast um að ræða óöryggi utandyra, á bílastæði, leiksvæði eða útisvæði. Fleiri nemendur haka við óöryggi í skólafestunni á milli ára. Þegar nemendur mega nefna staði er það

þó frístund sem kemur oftast upp ásamt útisvæði, bæði bílastæði og leiksvæði. Þeir sem nefndu kennslustofur voru hræddir við að vera skammaðir fyrir að gera mistök eða þurfa að lesa upphátt.

Nemendur telja sig óörugga á útisvæðum vegna þess að þeim finnst ekki nógu margt starfsfólk til staðar. Þeir óttast að þeim verði strítt eða þeir meiði sig. Nemendur vildu aukna gæslu í frímínútum og að vel yrði fylgst með, sérstaklega fyrir aftan hús þar sem flestir væru að leika sér. Ótti við bílastæði var nefndur eins og í fyrri könnun og þá vegna þess að nemendur óttuðust að verða fyrir bíl. Þeir vildu láta laga bílastæðin en tóku ekki fram hvernig.

Salernið var aftur nefnt sem staður sem yllti óöryggi þar sem hægt væri að opna þau að utan. Nemendur vildu að fylgst yrði með klósettum. Staðir þar sem nemendur eru berskjaldaðir voru nefndir fram, þ.e. sund og íþróttaklefar. Í íþróttaklefa upplifa nemendur óöryggi þar sem samnemendur geta horft á þá, skoðað fötin manns hafa skoðanir og stríða. Nemendur vilja hafa einstaklingsklefa eða tjöld í klefum, meira pláss, dreifa snögum eða fækka fjölda nemenda í klefa.

Mötuneyti var nefnt og þá oftast vegna hávaða og ótta við að hlutir brotni sem og uppröðun borða.

2.2.4 Aðgengiskönnun

Í Giljaskóla eru margir inngangar og einn er með sjálfvirkan hurðaopnara sem hentar vel fyrir hjólastól. Í húsinu er lyfta sem fer á allar hæðir en hún fer ekki upp í turn. Þrepin í stiganum eru merkt en fyrsta og síðasta eru ekki merkt á öðruvísi hátt. Bækurnar í skólanum eru ekki til með blindralettri en þær eru til sem hljóðbækur. Stofurnar eru ekki merktar með blindralettri og hafa ekki sjálfvirka opnun en dyrnar eru nógu breiðar fyrir hjólastól.

Það eru sérstök klósett á hverri hæð fyrir fólk í hjólastól en hin klósettin eru of lítil fyrir hjólastóla og speglar, vaskar, sápur og bréf eru of hátt fyrir fólk í hjólastól á þeim salernum. Sápan á baðherberginu er ekki lyktarlaus alls staðar og núna er spritt út um allt. Í skólanum eru ekki blóm eða annað sem getur kallað fram ofnæmi. Skólinn er hnetulaus.

Nemendur geta fengið að vita hvað er í matinn, matseðill er á heimasíðu og á upplýsingaskjá skólans. Þannig geta þau fengið að vita hvort það sé eitthvað í matnum sem þau eru með ofnæmi fyrir og ef þau eru með ofnæmi fyrir einhverju fá þau annan mat.

Það er góð loftræsting í skólanum nema í sumum stofunum hjá eldri nemendum. Sumum finnst oft of kalt í skólanum, öðrum finnst of heitt. Einhverjum nemendum finnst vera of mikill hávaði á göngunum en ágætt hljóð kennslustofunum. Þeim finnst bjallan of hávær. Nemendur telja ljósin í skólanum vera góð en einhver taldi þau gefa frá sér hávaða.

2.3 Matstæki um þróun skólastarfs

Í nóvember 2019 tóku öll kennarateymi þátt í að meta starfshætti sína með hliðsjón af [Matstæki um þróun skólastarfs](#) sem gefið var út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviði HÍ - Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs, árið 2018. Matið miðar að því að rýna í starfshætti í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélag. Sérstaklega voru teknir til skoðunar kaflarnir nemendur (4. kafli) og kennarar (5. kafli).

Kennarateymi ræddu saman og mátu starfshætti sína á 5 þrepa kvarða og ræddu hugmyndir til þróunar starfshátta. Níu kennarateymi svöruðu könnuninni en eitt kennarateymið tók ekki þátt í þessu verkefni vegna veikinda í teyminu. Tilgangur verkefnisins var að fá kennara til að rýna í eigin starfshætti og eiga um þá opið samtal. Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður.

2.3.1 Viðhorf og námsmenning

Viðhorf kennara til einstaklingsmiðaðs náms er jákvætt, 62,5% kennarateyma meta sig á 4. stigi þar sem litið er á allir nemendur séu sjálfsagðir þátttakendur í starfi bekkjar eða námshóps. Umsjónarkennari finnur leiðir til að mæta þörfum allra í samstarfi við sérkennara og/eða þroskaþjálfara. 38.5 % kennarateyma meta sig 5. stigi sem felur í sér að litið er á að allir nemendur geti tekið framförum í námi og að ábyrgð á námi nemenda hvíli á kennarateymum og annarra sérfræðinga sem endurskoða stöðugt aðferðir sínar til að koma til móts við þarfir nemenda. Þetta eru afar jákvæðar niðurstöður og ýtir undir frekari þróun í átt að einstaklingsmiðun og aukinni þátttöku nemenda í námi. Í svörum kennara á mið- og unglingastigi er kallað eftir auknu samstarfi við sérfræðinga, s.s. sérkennara, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara og sálfræðinga. Mat kennara á trú nemenda á eigin getu sýna að kennarar þurfa að leggja aukna rækt við að byggja upp menningu í anda growth mindset (vaxtarsjálfi). 5 kennarateymi af 9 meta trú nemenda á eigin getu á 3. stigi eða neðar.

2.3.2 Áhrif nemenda á eigið nám

Styðja þarf við áframhaldandi þróun starfshátta með áherslu á aukna þátttöku nemenda í skipulagi náms. Námsáætlanagerð er að mestu í höndum kennara með lítilli eða einhverri þátttöku nemenda. Niðurstöður varðandi áhrif nemenda á eigið nám sýna að 78% kennarateyma meta sig á 3. stigi sem felur það í sér að nemendur geta komið skoðunum sínum um námið á framfæri en kennarar taka ákvarðanir um námið og skipuleggja það. Nemendur þekkja markmiðin að hluta til. Aðeins eitt kennarateymi telur sig á á 5. stigi varðandi samstarf við nemendur um skipulag viðfangsefna fyrir hópinn í heild.

2.3.3 Náms og kennsluaðferðir

Þróun fjölbreyttra námsaðferða virðist lengra komin. Fjögur kennarateymi meta sig á 4. og 5. stigi kvarðans þar sem nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Niðurstöður ytra mats í haust sýna einnig fram á fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum. Öll kennarateymi meta sig á 3. stigi eða yfir og þar af flestir á 3. stigi hvað varðar kennsluaðferðir. 28,5% kennarateyma sem svöruðu spurningunni telja sig hafa náð 5. stigi sem felur í sér að kennarateymi skapi fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms nemenda, skipuleggja og leiðbeina. 28,5% kennarateymanna meta sig á 4. stigi. 42% kennarateymanna meta sig á 3. stigi þar sem kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum en kennarastýrðar aðferðir eru ráðandi. Í athugasemdum kennarateymanna koma fram eftirfarandi leiðir til úrbóta: Auka fjölbreytni í stærðfræðikennslu, tengja leik og nám til að efla áhugahvöt nemenda og að skapa nemendum aðstæður til aukins sjálfstæðis í námi.

2.3.4 Verkefni nemenda

Öll kennarateymin meta sig á 3. stigi eða ofar. 25% kennarateyma meta sig á 5. stigi og 37,5% meta sig á 4. stigi og 37,5% meta sig á 3. stigi. Fimmsta stig felur í sér að sama viðfangsefni er lagt fyrir námshóp en einstaklingar og minni hópar hafa frumkvæði að úrvinnslu verkefna. Kennarateymin benda á að tækifæri til þróunar felist í að hlusta meira á raddir nemenda og að opna á úrvinnslu verkefna og auka þannig þátttöku nemenda við val á áhersluþáttum verkefna og úrvinnsluleiðum.

2.3.5 Námsleg samræða og námsmat

Í skólanum er hafin þróun í átt að aukinni þátttöku nemenda í undirbúningi og framkvæmd formlegra námsviðtala þar sem nemendur, kennari og foreldrar koma saman til að ræða stöðu og framfarir í námi. Niðurstöður könnunar benda til að leita þurfi leiða til að markviss námsleg samræða milli kennara og nemenda eigi sér oftast stað reglulega yfir skólaárið. Einungis eitt teymi metur sig á 5. stigi þar sem nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundin hluti af námsframvindunni. Einnig benda niðurstöður til að halda þurfi áfram að þróa námsmat með áherslu á fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum með það að markmiði að auka námshæfni og námsvitund. Yfir helmingur kennarateyma metur sig á þriðja stigi matskvarðans í þessum þætti.

2.4 Skólapúlsinn

Niðurstöður úr Skólapúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6. - 10. bekk, gefa vísbendingar um líðan nemenda í Giljaskóla í samanburði við aðra nemendur á landinu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Tveir matsþættir komu marktækt yfir landsmeðaltali, en það eru sjálfsálit og vellíðan. Einnig viku þættirnir einelti og tíðni eineltis marktækt neikvætt frá landsmeðaltali (sem eru jákvæðar niðurstöður fyrir skólann). Tengslakannanir gáfu tilefni til að virkja eineltisáætlun í einum árgangi og hefja könnun í öðrum árgangi. Sú könnun sýndi að ekki var ástæða til að virkja eineltisáætlun. Niðurstöður úr Skólapúlsinum taka einnig til mats á skóla- og bekkjaranda. Matsþættir eru; samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Allir þættir mældust marktækt yfir landsmeðaltali. Lítil breyting var á þessum þáttum frá árinu áður.

3. Aðgerðaráætlun

Réttindaráð skólans rýndi í upptalin gögn á fundi í janúar 2020 og þar kom í ljós að nemendur vildu sérstaklega að unnið yrði að úrbótum á fjórum atriðum. Hér á eftir má sjá umfjöllun um hvert atriði. Áætlunina má sjá sem fylgiskjal.

3.1 Öryggi á salerni

16. gr., 19. gr., 34. gr. og 36. gr.

Fyrsti þáttur sem réttindaráð Giljaskóla ætlar að leggja áherslu á að breyta er öryggi nemenda á salerni. Í öryggiskönnun kom í ljós að sumir nemendur Giljaskóla upplifa óöryggi á salerni. Ástæður þess eru nokkrar. Yngri nemendur tala helst um ótta við að eitthvað óþekkt leynist ofan í salerninu, ótta við að sitja lengi á salerninu og ljósin, sem eru á hreyfiskynjara, slökkni og að þau læsist inni. Eldri nemendur nefndu að hægt er að opna salernin að utan sem veldur sumum nemendum kvíða. Nokkrir nemendur töldu sig öruggari ef salerni væru kynjaskipt í stað einstaklingssalerna óháð kyni. Réttindaráð ræddi mögulegar lausnir og vilja skoða hvort mögulegt sé að breyta lásnum þannig að ekki sé hægt að opna þau utan frá og hafa þess í stað master lykil sem öryggisráðstöfun. Ljóst er að ekki er mögulegt að kynjaskipta salernum þar sem um einstaklingssalerni er að ræða en ekki salerni með básnum. Ráðið vildi einnig skoða hvort hægt væri að breyta lýsingu á salernum þannig að ljósin slökkni ekki sjálfkrafa.

Í ljós kom að um öryggislæsingar er að ræða, þ.e. mikilvægt er að hægt sé að opna lásana utan frá ef einhver læsist inni. Farið var yfir gögn síðustu ára og í ljós kom að aldrei hefur verið skráð atvik þar sem nemandi varð uppvis að því að brjótast inn á salerni á meðan annar nemandi var að nota það. Því er líklega um ótta að ræða en ekki vandamál sem þarf að grípa inn í. Ákveðið var að setja þetta atriði inn á spjöld uppbyggingarinnar, gráa svæðið. Það eru þau atriði sem eru tekin sérstaklega fram sem algjörlega óviðunandi. Einnig var ákveðið að fylgjast vel með umræðu á milli nemenda um salerni.

3.2 Öryggi á bílastæði og útisvæði

2. gr., 3. gr., 11. gr., 19. gr., 23. gr., 27. gr., 31. gr. og 36. gr.

Annar þáttur sem réttindaráð Giljaskóla valdi í aðgerðaráætlun er öryggi á bílastæði og í kringum skólann. Í öryggis- og aðgengiskönnun kom í ljós að aðgengi nemenda að skóla á veturnar er ekki fullnægjandi. Nemendur upplifa óöryggi þegar þeir koma að skóla, þá sér í lagi á morgnana yfir veturinn. Þá er dimmt og færð slæm. Fram kom að nemendum þykja göngustígar og inngangar að skóla ekki greiðfærir. Þá er hálka oft mikil. Umferð á bílastæði er mörgum yngri nemendum kvíðavaldandi. Réttindaráð vill að göngustígar að skóla sem og inngangar séu mokaðir og sá mokstur í forgangi yfir götur. Að sama skapi vill réttindaráð að hálkuvarnir séu auknar, bæði með söltun eða sandi og að boðið sé upp á mannbrodda fyrir nemendur í

frímínútum og frístund.

Ekki hefur verið ráðist í þetta atriði að öðru leyti en að fela húsverði og skólastjóra umsjón með þessum þætti. Mokstur er á vegum bæjarins og þarf erindið að komast í réttan farveg innan stjórnsýslunnar. Ákveðið var að skoða kaup á mannbroddum skólaárið 2020-2021.

3.3 Öryggi í frímínútum

2. gr., 3. gr., 11. gr., 19. gr., 23. gr., 27. gr., 31. gr., 34. gr., 36. gr. og 37. gr.

Þriðji þáttur sem réttindaráð Giljaskóla ákvað að verði tekin fyrir í fyrstu aðgerðaráætlun er öryggi í frímínútum. Nemendur upplifa stundum óöryggi í frímínútum og þá sér í lagi vegna þess að þeim þykir ekki nægileg mönnun á þeim tíma, bæði á göngum sem og á útisvæði. Yngri nemendur hræðast helst stríðni og ofbeldi en einnig bar á óöryggi hjá eldri nemendum. Réttindaráð Giljaskóla vill að mönnun sé bætt, bæði í útiveru sem og á göngum.

Aukið hefur verið við mannskap í frímínútnagæslu með því að nýta stuðningsfulltrúa betur á slíkum vöktum. Að öðru leyti er þátturinn ekki komin til ýtarlegri framkvæmdar.

3.4 Hitastig skólahúsnæðis

12. gr. og 19. gr.

Fjórði og jafnframt síðasti þáttur sem réttindaráð Giljaskóla velur að setja í aðgerðaráætlun er hitastig skólahúsnæðis. Í öryggiskönnun kom í ljós að nemendur telja kalt í skólanum. Þetta á helst við meðal eldri nemenda og kom endurtekið fram í svörum þeirra. Réttindaráð vill að kynding skólans verði tekin fyrir og skoðað hvort hægt sé að breyta þessu á einfaldan hátt.

Tveir mælar voru settir upp þann 29. október á þriðju hæð skólans í tveimur stofum, einni þar sem reglulega er kvartað undan hita og einnig þar sem reglulega er kvartað undan kulda. Auk mælanna var sett upp skráningarblað þar sem kennari stofunnar sér um að útnefna nemendur til þess að skrá reglulega hita og raka, sjá [hér](#).

3.5 Viðbót frá umsjónarmönnum

Réttindanefnd ákvað að bæta við fjórum þáttum sem snúa að því að réttindi barna séu sýnileg í daglegu starfi, þ.e. Með bekkjarsáttmálum (2. gr., 12. gr., 13. gr., 19. gr., 29. gr. og 30. gr.), réttindadögum (42. gr.), reglulegri vinnu kennara og nemenda og með sjónrænum hætti í

skólahúsnæði (42. gr.). Réttindanefnd vill að bekkjarsáttmálar verði unnir markvisst út frá barnasáttmálanum og byggja þannig ofan á þeirri góðu vinnu sem unnin er í kringum bekkjarsáttmálana nú þegar. Þá vill réttindanefnd að árlega séu haldnir réttindadagar þar sem unnið er markvisst út frá barnasáttmálanum. Einnig vill réttindanefnd halda áfram að hvetja kennara til vinnu út frá réttindum barna, til dæmis með leikjum og umræðum út frá margvíslegu efni frá UNICEF. Að lokum vilja umsjónarmenn að réttindi barna séu sýnileg víðsvegar um skólann. Frekar er fjallað um þessa þætti neðar í greinargerðinni.

4. Aukin þátttaka í eigin námi

Undanfarið hefur Giljaskóli verið að velta fyrir sér hvernig auka má þátttöku nemenda í eigin námi og gefa nemendum aukið eignarhald á náminu. Í þeim efnum hefur helst verið unnið að tveimur verkefnum. Annars vegar hefur teymi innan skólans unnið að því að eigin frumkvæði að þróa nemendastýrð foreldraviðtöl en hins vegar hefur verið stofnað sérstakt teymi innan skólans sem vinnur að þróun starfshátta sem auka tækifæri nemenda til þátttöku í eigin námi.

4.1 Nemendastýrð foreldraviðtöl


Skólaárið 2019-2020 hafa kennarar þróað foreldraviðtöl í þá veru að nemendur undirbúa viðtölin í skóla og stýra þeim. Þetta var framtak þriggja kennara innan skólans, þeirra Ingu Dísar Sigurðardóttur, Thelmu Snorradóttur og Steinunnar Línbjargar Ragnarsdóttur skólaárið 2018-2019. Í gegnum samstarfs sitt höfðu þær velt því fyrir sér hvernig væri hægt að breyta þáverandi fyrirkomulagi á foreldraviðtölum, þ.e. þessu „hefðbundna“ fyrirkomulagi. Þeirra reynsla var sú að í flestum tilfellum var nemandinn frekar óvirkur og þær veltu því fyrir sér hvort fyrirkomulagið væri til að þjóna kennurum og foreldrum, frekar en nemandanum sjálfum. Teymið hafði unnið með svokallað *fimmtudagsfjör* í stundaskránni sem var fyrirkomulag þar sem nemendur fengu bækling um verkefni og gátu valið í hvaða röð þeir myndu vinna verkefnin. Með þessu skipulagi reyndu þær að stuðla að aukinni ábyrgð nemandans á eigin námi sem og að auka eignarhlut hans. Með þessa reynslu í huga kom upp sú hugmynd að fara þá leið að nemendur myndu sjálfir stjórna foreldraviðtölinu, að þeir tækju þá ábyrgð að segja frá og setja sjálfir í orð framvindu eigin náms. Í viðtölinu gætu nemendur sýnt verkefni sem þeir væru stoltir af og segðu af hverju. Nemendurnir hefðu vettvang til þess að setja sér markmið, skilgreina þau

og þær leiðir sem þeir veldu að fara til að ná þeim og hvernig þeir gætu bætt sig. Þannig væru þeir að auka eigin námsvitund.

Eftir að hafa reynt þetta fyrirkomulag var teymið sammála um að vilja ekki snúa til baka í fyrra fyrirkomulag á foreldraviðtölum og vildu halda áfram að þróa hugmyndafræðina áfram. Sex árgangar tóku upp þetta fyrirkomulag í seinni viðtölunum í febrúar 2020 og í kjölfarið var ákveðið að senda út könnun til þeirra foreldra sem fóru í slík viðtöl. Hér má sjá helstu niðurstöður.



Varðandi það hvernig foreldrar upplifðu viðtalið sjálf var almenn ánægja meðal foreldra með hvernig viðtalið fór fram. Í umsögnum lýstu foreldrar almennt mikilli ánægju með fyrirkomulagið.



4.2 Teymi um þróunarstarf vegna þátttöku nemenda í eigin námi

Haustið 2020 var ákveðið að hefja þróunarvinnu við þátttöku og hlutdeild nemenda í eigin námi. Allir kennarar skólans fengu könnun þar sem þeir gátu valið að taka þátt í þróunarverkefninu. Fimm kennarar völdu að hefja vinnu við verkefnið, þeirra á meðal umsjónarmaður innleiðingar réttindaskóla UNICEF. Hópurinn hóf vinnuna á því að funda og ræða mögulegar leiðir til að auka þátttöku í eigin námi. Ákveðið var að teymið myndi skipuleggja námslotu þar sem lögð væri sérstök áhersla á þátttöku nemenda sem meðlimir myndu kynna á næsta fundi. Vegna heimsfaraldurs hefur þeim fundi verið frestað tvisvar og hefur enn ekki orðið af honum.

5. Markviss vinna með barnasáttmálann


Einn áhersluþáttur umsjónarmanna verkefnisins er markviss og endurtekin vinna með réttindi barna í daglegu starfi innan skólans. Til þess að vinna að því markmiði er verið að vinna með nokkra þætti. Innleiddir voru svokallaðir réttindadagar, áframhaldandi áhersla verður lögð á Uppbyggingarstefnuna og Jafnréttis- og eineltis áætlun skoðaðar með hliðsjón af barnasáttmálanum.

5.1 Réttindadagar

Ákveðið var að fara af stað með reglulega þemadaga tileinkaða réttindum barna til að halda Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins á lofti. Strax í fyrstu önn innleiðingar var þemadagur haustannar tileinkaður réttindum barna. Allir nemendur skólans tóku þátt en þeim var skipt í hópa eftir stigum skólans og fóru á milli stöðva þar sem unnið var með réttindi barna á margvíslegan hátt.





Í kjölfarið var ákveðið að halda þemadag út frá réttindum barna þann 20. nóvember ár hvert og festa hann á skóladagatali. Á haustönn 2020 var ákveðið að halda tvöfaldan þemadag, þ.e. 19. og 20. nóvember í tilefni að væntanlegri viðurkenningu Giljaskóla sem Réttindaskóli UNICEF. Hugmyndin var að unnið yrði að margvíslegri sjónrænni vinnu sem og viðburðum sem yrðu sýndir á sviði á viðurkenningarathöfninni. Vegna heimsfaraldursins þurfti þó að endurskipuleggja bæði þemadagana og athöfnina vegna sóttvarna.



5.2 Uppbyggingarstefnan

Uppeldis- og samskiptastefna Giljaskóla er Uppeldi til ábyrgðar, eða Uppbyggingarstefnan (e. Restitution). Uppbyggingarstefnan í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsaga og sjálfstjórn í samskiptum. Stefnan er upprunin í Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana síðustu 20 ár. Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera.

Grunnþarfirnar eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar. Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það af verkum að við erum öll ólík.



Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við varðandi nám og samskipti. Uppbyggingarstefnan á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að nálgast sýn Giljaskóla.

Uppbyggingarstefnan fellur vel að markmiðum réttindaskóla UNICEF og um ýmsa sameiginlega fleti að ræða. Sérstakt teymi innan skólans sér um að halda uppbyggingarstefnunni við lýði og stuðla að endurmenntun starfsfólks í hugmyndafræðinni.

5.3 Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun hefur verið við lýði í Giljaskóla frá því að minnsta kosti árið 2012 en þá er fyrstu jafnréttisáætlun skilað til Jafnréttisstofu. Jafnréttisáætlunin er uppfærð árlega. Hinsvegar hefur jafnréttisfræðslu verið sinnt síðan árið 2010 og frá árinu 2011 á vegum jafnréttisstofu. Lög um jafnrétti og jafnréttisfræðslu og starfsmannahandbók Akureyrarbæjar hafa verið til grundvallar áætluninni. Jafnréttisfulltrúi bæjarins á þeim tíma, Katrín Ríkharðsdóttir, var jafnréttisnefnd

skólans innan handar fyrstu árin. Jafnréttisstofa fer yfir áætlanir skólanna reglulega og gerir athugasemdir og hefur skólinn verið í ágætu sambandi við Jafnréttisstofu.

Í skólanum er jafnréttisnefnd en hana skipa valdir starfsfólk skólans. Meðlimir nefndarinnar hafa í gegnum árin sótt þá símenntun um jafnrétti sem boðið hefur verið upp á á Akureyri, þá á vegum HA, Rósenborgar, Jafnréttisstofu, grunnskólanna sem og sótt námskeið og ráðstefnur erlendis á borð við Nordisk Forum í Malmö. Nefndin sér um að fara yfir og uppfæra jafnréttisáætlun og stuðla að fræðslu meðal starfsfólks og nemenda. Undanfarin ár hefur nefndin ekki hist nema nokkru sinnum á vetri og lítið eftir að heimsfaraldurinn hófst.

Í kjölfar innleiðingar á Réttindaskóla UNICEF hefur komið til umræðu að fella jafnréttisnefndina undir réttindaskólanefndinni þar sem um ákveðna skörun ábyrgðar er að ræða. Í skipulagi nefnda var ákveðið að sameina nefndirnar tvær frá og með skólaárinu 2020 - 2021.

Núgildandi jafnréttisáætlun má sjá [hér](#).

5.4 Eineltisáætlun

Ofar góðri eineltisáætlun eru góðar forvarnir. Haustið 2020 hófst þróun á fræðsluáætlun Giljaskóla sem leið að forvörnum gagnvart einelti. Fræðsluáætlunin er unnin upp úr grunni frá Oddeyrarskóla. Í henni er föst fræðsla í hverjum árgangi þar sem tekið er á honum ýmsu hliðum eineltis og birtingarmynd þess. Fræðslan er ýmist kvikmyndir, bækur, sýningar, litabækur, bein og óbein kennsla, örsögur, umræður, fréttir og kennsluefni. Fimmtudaginn 29. október funduðu skólastjórnendur með kennurum þar farið var yfir fræðsluáætlunina og hún betrubætt. Drög að áætluninni má sjá [hér](#).

Lagðar eru fyrir tengslakannanir tvisvar sinnum á skólaári og eru þær lagðar fyrir 3. til 10. bekk. Um er að ræða rafræna fyrirlögn í gegnum Sometics. Hinsvegar skiptir miklu máli að unnið sé úr tengslakönnunum um leið og þær eru lagðar fyrir. Ef í ljós kemur að barn segir frá einelti, er mikilvægt að það finni að gripið sé inn í strax en ekki að einhverjum vikum liðnum.

Komin er hnappur á heimasíðu skólans til að tilkynna um einelti og hver sem er getur tilkynnt einelti nafnlaust eða undir nafni. Tilkynningar fara til námsráðgjafa sem situr í velferðaráði og velferðaráð gengur í málið um leið. Í velferðaráði sitja Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Vala

Björk Stefánsdóttir og Helga Rún Traustadóttir deildarstjórar og Lára Halldóra Eiríksdóttir námsráðgjafi.

Eineltisáætlun skólans má sjá [hér](#).

6. Barnasáttmálinn sýnilegur í daglegu starfi

Lögð hefur verið sérstök áhersla á að auka sýnleika barnasáttmálans innan sem utan skólans og hafa verið farnar nokkrar leiðir að því markmiði, réttindi vikunnar eru birt vikulega, tákn barnasáttmálans hengd upp miðsvæðið, bekkjarsáttmálar sýnilegir, þátttaka í listasýningu um réttindi barna og loftbelgjaverkefninu.

6.1 Sýnileiki innan skólans

6.1.1 Réttindi vikunnar

Til að gera Barnasáttmálann sem sýnilegastan í daglegu skólastarfi var ákveðið að sýna „réttindi vikunnar“ á tilkynningaskjá skólans. Þar var tekin fyrir ein grein sáttmálans í hverri viku og táknmynd hennar sýnd með textanum. Réttindi vikunnar voru líka sett á facebook-síðu starfsfólks í viku hverri til að viðhalda sýnleika og greiða götu sáttmálans inn í skólastarfið.



6.1.2 Tákn barnasáttmálans hengd upp miðsvæðis

Fljótlega eftir að UNICEF frumsýndu nýju táknin fyrir greinar barnasáttmálans kom upp sú hugmynd að prenta táknin út í stærðinni A4, ramma inn og hengja á áberandi stað innan skólans. Réttindaráð gekk um skólann og kom með hugmyndir af stöðum þar sem hægt væri að hengja

táknin upp. Umsjónarmenn unnu úr hugmyndunum en sumir staðir gengu ekki vegna stærðatakmakanna eða vegna aðgengis. Eftir stóðu tveir hentugir staðir. Réttindaráð kaus og valdi meiri hlutinn annann staðinn. Allur sáttmálinn hefur verið fengin úr prentun og innrammaður og verður hengdur upp og opinberaður á næsta réttindadegi, þann 20. nóvember.



6.1.3 Bekkjarsáttmálar

Uppbyggingarstefnan er agastefna Giljaskóla líkt og áður hefur komið fram en samkvæmt henni gerir hver bekkur með sér bekkjarsáttmála í byrjun hvers skólaárs þar sem nemendur og kennarar koma sér saman um ákveðin gildi sem höfð verða í hávegi út skólaárið. Ákveðið var að tengja bekkjarsáttmálana við Barnasáttmálann. Tölvupóstur var sendur á alla umsjónarkennara og biðlað til þeirra að hafa Barnasáttmálann í huga við gerð bekkjarsáttmála. Hugmyndavinnan var á valdi hvers bekks en umsjónarkennarar fengu aðgang að mismunandi útfærslum á bæði útliti og innihaldi sáttmála sem þeir gátu haft til hliðsjónar.



6.2 Sýnileiki heima við

Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir um innleiðingarferlið frá upphafi. Umsjónarmenn hafa reynt að sinna þeim þætti með reglubundnum tölvupóstum til foreldra og uppfærslum á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Einn þáttur innleiðingarinnar er viðburður fyrir foreldra sem áætlað var að halda á vordögum 2020. Vegna heimsfaraldursins gekk það ekki eftir. Þá var viðburðinum frestað til hausts 2020. Allt kom þó fyrir ekki og ákveðið var að breyta formi viðburðarins í form myndbands sem sent yrði heim til foreldra. Myndbandið var sett upp á þann hátt að réttindaráð gekk um skólann og kynnti innleiðinguna fyrir áhorfendum. Myndbandið var tekið upp rétt áður en skólanum var hólfaskipt vegna sóttvarna og því munaði litlu að sú áætlun gengu ekki upp. Umsjónarmenn sáu um að klippa myndbandið og annað sem þurfti þar sem ráðið mátti ekki lengur hittast.

6.3 Sýnileiki í grenndarsamfélagi

6.3.1 Listasýningin Barn sem nýtur allra réttinda sinna

Listasýningin Barn sem nýtur réttinda sinna var sýning á verkum nokkurra barna í grunnskólum á Akureyri og Grenivík. Sýningin var samstarfsverkefni á milli Giljaskóla, Naustaskóla, Grenivíkurskóla og Menningarfélags Akureyrar. Sýningin opnaði laugardaginn 3. október kl. 13:00 og stóð til 26. október en hún var aðgengileg á opnunartíma Menningarhússins Hofs. Viðburðurinn var haldin í tengslum við Barnamenningarhátíð á Akureyri sem fór fram í október 2020 og naut stuðnings Akureyrarbæjar. Myllumerki Barnamenningarhátíðar á Akureyri er [#barnamenningak](#).

Verkin voru unnin út frá hugmyndinni um barn sem nýtur allra réttinda sinna, samanber sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sjónlistakennarar og börnin áttu samræður um það hver réttindi barna eru og hvað það merkir að njóta allra réttinda sinna. Í umræðunum var teft saman ólíkum kringumstæðum barna um heim allan og hver þeirra eigin staða er í því samhengi. Með þátttöku í sýningunni fengu nemendur tækifæri til þess að vinna með réttindi barna á áþreifanlegan og sjónrænan hátt. Í fyrstu þremur kennslustundunum fóru nemendur og sjónlistakennari í ýmsa verklega vinnu tengda barnasáttmálanum og notuðu til þess eitthvað af

fjölmörgum leikjum og verkefnum sem Giljaskóli hefur fengið frá UNICEF. Út frá því unnu nemendur verkin og höfðu í huga hvað það er að vera barn sem nýtur réttinda sinna.




Í aðdraganda sýningarinnar fengu nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar endurtekna áminningu um vinnuna og væntanlega sýningu. Með sýningunni sjálfri var athygli þeirra, og annarra gesta, vakin á réttindum barna og enn fremur sýn barnanna sjálfra á þau réttindi.

Gerður var viðburður í kringum sýninguna á facebook. Viðburðurinn var í fyrstu skipulagður í apríl á upphaflegri dagsetningu sýningarinnar, sjá [hér](#). Þegar búið var að staðfesta þátttöku á nýrri dagsetningu í október voru búnir til tveir nýir viðburður, annar fyrir opnunina, sjá [hér](#) og hinn sem náði yfir mánuðinn allan, sjá [hér](#). Sýningin var auglýst að mestu í gegnum facebook, þ.e. tengiliðir skólanna sáu um að dreifa viðburðinum, bæði á sína persónulegu síður sem og í hópa þeim tengdum. Þá deildu aðrir einnig viðburðinum, verkefnastjóri Barnamenningarhátíðar og starfsmenn MAK. Viðburðurinn var einnig auglýstur á vegum MAK, sjá [hér](#). Þá var sýningin auglýst í fréttabréfi sjónlista við Giljaskóla fyrir skólaárið 2020 – 2021, sjá [hér](#).

6.3.2 Listasýningin Raddir barna

Í tengslum við alþjóðadag barna 20. nóvember 2019 tók skólinn þátt í verkefninu „Börn fá orðið“ og öllum nemendum skólans var boðið að rita ósk á mynd af útprentuðum loftbelg. Nær allir nemendur tóku þátt og skrifuðu niður fjölbreytta flóru óska á sína loftbelgi sem þau svo skreyttu þannig að úr varð litríkur hópur loftbelgja.

Þeir loftbelgir áttu að vera á Barnamenningarhátíð á Akureyri vorið 2020 sem var frestað en fengu svo að njóta



sín þegar sú hátíð var haldin í október 2020. Þá fór hátíðin fram víðsvegar um Akureyri í formi smærri viðburða og loftbelgirnir voru sýndir á sýningunni Raddir barna sem fram fór í Sundlaug Akureyrar við góðar viðtökur innan um loftbelgi frá öðrum skólum bæjarins.

Lokaorð

Unnið hefur verið markvisst að ákveðnum verkefnum á innleiðingartímanum. Ýmsar áskoranir hafa gert vinnuna flóknari en hún hefði átt að vera, þá helst hólfun skólans vegna sóttvorna. Lykilþáttur innleiðingar er réttindaráð skólans sem hefur í tvígang þurft að gera hlé á fundahaldi. Réttindaráðið er enn fremur sá þáttur sem þarf að þróa frekar, bæði hvað varðar fjölda nemenda í ráðinu og aldur þeirra og þátttöku hlutverk þeirra. Gæta þarf sérstaklega að því að ekki sé um sýndarþátttöku að ræða.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður gekk innleiðing eftir og allir þættir verkefnisins voru unnir, þó svo að þeir hafi verið gerðir með öðrum hætti en til stóð. Þar kemur stuðningur skólastjórnenda og UNICEF sterkur inn. Verkefni sem þetta er ekki hægt að vinna til fullnustu nema umsjónarmenn fái þann stuðning sem þeir þurfa, hvort sem um er að ræða launagreiðslur, fastan fundartíma og svigrúm frá öðrum störfum til þess að sinna verkefninu sem skyldi.